

# 323. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 4. MARS 2021 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
  - a) Yfirferð á stöðu fjármála
  - b) Erindi sóknarnefndar Útskálakirkju
  - c) Erindi sóknarnefndar Stykkishólmskirkju
  - d) Erindi sóknarprestans í Kirkjubæjarklaustursprestakalli
  - e) Grámói
- 3) Skálholt
  - a) Þak Skálholtskirkju
  - b) Brúará í landi Mosfells, sala veiðileyfa
  - c) Prensögusetur
  - d) Lagfæringar á kirkjuklukkum
  - e) Lýsing í Skálholtsdómkirkju og flutningur bókasafnsins
  - f) Erindisbréf framkvæmdastjórnar Skálholts
- 4) Kirkjuþing
- 5) Stefnumótun hjá Þjóðkirkjunni
- 6) Fræðslu- og kærleiksþjónusta
- 7) Fjölskylduþjónusta kirkjunnar
- 8) Önnur mál
  - a) Tjaldsvæði í landi Skinnastaða
  - b) Erindi umsækjanda

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Frá kl. 13.00 stýrði sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir fundinum, í fjarveru Agnesar biskups, sbr. 15. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Fundinn sátu kirkjuráðsmennirnir sr. Arna Grétarsdóttir, sr. Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð. Ásdís Clausen, staðgengill fjármálastjóra, sat fundinn undir lið 2a.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings sat fundinn undir liðum 2a, 3 og 4. Sr. Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings sat fundinn undir lið 2a. Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti sat fundinn undir lið 3. Ásta Guðrún Beck, lögfræðingur á fasteignasviði Biskupsstofu, kom inn á fundinn undir dagskrárlið 2. Magnea Sverrisdóttir, verkefnisstjóri á kærleikþjónustusviði Biskupsstofu, og Hildur Björk Hörpudóttir, sviðsstjóri fræðslu- og kærleikþjónustusviðs sátu fundinn undir lið 6. Arnór Skúlason, verkefnastjóri á fasteignasviði sat fundinn undir lið 3.

Hluti fundargesta tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

---

## 2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

### a) Yfirferð á stöðu fjármála

Staðgengill fjármálastjóra ræddi um fjármál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, verkefnastöðu ýmissa mála á fjármálasviði og svaraði fyrirspurnum.

Kirkjuráð samþykkti og undirritaði ársreikning Kirkjumálasjóðs vegna ársins 2019.

### b) Erindi sóknarnefndar Útskálakirkju

Rætt var um erindi sóknarnefndar Útskálakirkju, dags. 11. febrúar 2021.

Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði að skoða málið betur og frestaði málinu til næsta kirkjuráðsfundar.

### c) Erindi sóknarnefndar Stykkishólmskirkju

Lagt fram erindi sóknarnefndar Stykkishólmskirkju, dags. 14. febrúar 2021

Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu og hvetur sóknarnefnd Stykkishólmskirkju til að sækja um styrk úr Jöfnunarsjóði sókna fyrir árið 2022.

### d) Erindi sóknarprestans í Kirkjubæjarklaustursprestakalli

Lagt fram erindi sóknarprestans í Kirkjubæjarklaustursprestakalli

□ Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu þar sem ekki var gert ráð fyrir framkvæmdinni í fjárhagsáætlun fasteignasviðs. Framkvæmdastjóri mun upplýsa sóknarprestinn um mögulegar aðrar leiðir í málinu.

*e) Grámói*

Lagt var fram erindi dags. 25. febrúar 2021 varðandi landareignir í landi Grámóa, Dalsgarði í Mosfellsbæ.

□ Kirkjuráð samþykkti að vísa erindinu til fasteignasviðs Biskupsstofu til nánari skoðunar.

---

### 3. SKÁLHOLT

---

Farið var yfir helstu málefni Skálholtsstaðar. Fundargerð 83. fundar stjórnar Skálholts lá fyrir fundinum.

*a) Þak Skálholtskirkju*

□ Kirkjuráð samþykkti að endurnýja þak kirkjunnar og að lagðar yrðu nýjar steinskífur á þakið. Samræmist það vilja stjórnar Skálholts og Minjastofnunar.

*b) Brúará í landi Mosfells, sala veiðileyfa*

□ Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði að skoða málið betur fyrir næsta fund kirkjuráðs.

*c) Prentsögusetur*

□ Kirkjuráð samþykkti að framkvæmdastjóri taki hugmyndir vígslubiskups til skoðunar í samráði við stjórn Skálholts. Áréttað er að kirkjuráð hefur hafnað að styrkja framkvæmdina fjárhagslega.

*d) Lagfæringar á kirkjuklukkum*

□ Kirkjuráð samþykkti að vísa erindinu til umfjöllunar fjárhagsáætlunar næsta árs þar sem fjárhagsáætlun ársins 2021 er lokið og ekki var gert ráð fyrir kostnaði við lagfæringu á kirkjuklukkum á árinu, því er ekki hægt að veita viljrði að sinni.

*e) Lýsing í Skálholtsdómkirkju og flutningur bókasafnsins*

Kynnt var vinna Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju við endurhönnun á lýsingu inni í kirkjunni. Fyrir liggur álit Minjastofnunar sem þykir hönnunin til fyrirmyndar og gerir ekki athugasemd við tillögu að endurnýjun á lýsingunni. Telur Minjastofnun þessa hönnun draga vel fram arkitektúr kirkjunnar og að hún muni koma til með að lýsa listgler Gerðar Helgadóttur og altarismynd Nínu Tryggvadóttur á viðeigandi hátt en auk þess bæta vinnu- og lestrarlýsingu.

Jafnframt var kynnt staða mála er snýr að flutningi bókasafnsins og þeirri góðu vinnu sem Verndarsjóður og aðrir sjálfboðaliðar hafa nú þegar og hyggjast inna af hendi.

Ljóst er að ekki var hægt að styrkja þessi mikilvægu verkefni við gerð fjárhagsáætlunar 2021 svo Verndarsjóði og öðrum sjálfboðaliðum eru veittar bestu þakkir fyrir sín góðu störf fyrir Skálholt.

f) *Erindisbréf framkvæmdastjórnar Skálholts*

Kirkjuráð tók fyrir tillögu lagahóps kirkjuráðs að erindisbréfi framkvæmastjórnar Skálholts, en áður hafði kirkjuráð falið hópnum það verkefni. Samkvæmt hinu endurskoðaða erindisbréfi heitir stjórnin í Skálholti nú framkvæmdastjórn en ábyrgð og sjálfstæði er jafnframt aukið.

□ Kirkjuráð samþykkti erindisbréf framkvæmdastjórnar Skálholts.

---

#### 4. KIRKJUÞING

---

Rætt var um næsta fund kirkjuþings 2020 - 2021 sem boðaður er föstudaginn 12. mars næstkomandi. Forseti kirkjuþings fór yfir helstu mál sem verða á dagskrá kirkjuþings svo og kynningar sem haldnar verða fyrir þingfulltrúa.

---

#### 5. STEFNUMÓTUN HJÁ ÞJÓÐKIRKJUNNI

---

Rætt var um undirbúning að stefnumótun hjá Þjóðkirkjunni, en stefnumótunarmálin er hafin. Dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson leiddi fyrir skömmu stóran samráðsfund með yfir 100 þátttakendum, vígðum og óvígðum þjónum kirkjunnar, leikmönnum og öðrum hagaðilum. Kirkjuráð mun hlýða á kynningu Bjarna 10. mars nk.

Stefán Magnússon kirkjuráðsmaður lagði fram tillögu að aðkomu fleiri sérfræðinga til að fylgja eftir þingsályktun kirkjuþings.

□ Kirkjuráð samþykkti að taka málið til skoðunar. Samþykkt var að kirkjuráð fengi endurskoðanda KPMG á sinn fund við skil endurskoðunarskýrslu KPMG eftir viku.

---

#### 6. FRÆÐSLU- OG KÆRLEIKSÞJÓNUSTA

---

Verkefnastjóri kærleiksþjónustu á Biskupsstofu kynnti verkefni er snúa að samstarfi á vettvangi æskulýðs- og forvarnarstarfs, Náum áttum hópinn og SAMAN hópinn. Einnig fjallaði hún um nýlega opnun Skjólins, dagseturs fyrir heimilisláusar konur. Biskup leiddi undirbúning þess úrræðis sem rekið er undir merkjum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Sviðsstjóri fræðslu- og kærleiksþjónustusviðs kynnti helstu verkefni sem verið er að vinna á fræðslusviði. Þar ber hæst verkefni er snýr að gerð fræðslu- og barnaefnis fyrir sjónvarp. Efnisveita kirkjunnar er jafnframt til endurskoðunar, þar sem verið er að fara yfir allt efni fræðslusviðs og Skálholtsútgáfunnar sem gert hefur verið síðustu 20 ár. Prestar sem sinna viðbótarskyldum eru að vinna mörg og góð verkefni í samstarfi við fræðslusvið. Fyrirhugað er námskeið í mars, þar sem komið verður inn á mörg svið fræðslustarfsins. Verið er að huga að átaki í fermingarfræðslu. Kirkju-appið er samstarfsverkefni fræðslusviðs og samskiptasviðs, sem er í vinnslu. Alþjóðabænadagur kvenna er fyrirhugaður föstudaginn 19. mars. Samstarfsverkefni kirkjunnar og Samtakanna 78, *Ein saga – eitt skref*, er í fullum gangi og fyrirhugað er málþing í lok apríl, sem tengist verkefninu. Hlutverk fræðslusviðsins er síðan fyrst og fremst að vera til staðar fyrir sóknir, starfsfólk og presta kirkjunnar, til stuðning og umræðu.

---

## 7. FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTA KIRKJUNNAR

---

Í samráði við nýjan forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar er lagt til að nafn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar verði breytt í Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að leggja til framangreinda breytingu á kirkjuþingi.

---

## 8. ÖNNUR MÁL

---

*a) Tjaldsvæði í landi Skinnastaða*

Málinu var frestað á 322. fundi kirkjuráðs þar sem afstaða sóknarprests Langaness- og Skinnastaðarprestakalls, sem situr jörðina, lá ekki fyrir. Afstaða hans liggur nú fyrir og tekur hann vel í erindið.

Kirkjuráð samþykkti erindið í samræmi við tillögu lagahóps frá 3. febrúar 2021.

*b) Erindi umsækjanda*

Milli funda tók kirkjuráð til afgreiðslu erindi umsækjanda frá 11. desember 2020. Samþykkt var að erindinu yrði vísað frá kirkjuráði.

Kirkjuráð staðfestir þá samþykkt sína.

Fundi slitið kl. 15:54.

Næsti fundur kirkjuráðs er fyrirhugaður 8. apríl nk.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Solveig Lára Guðmundsdóttir  
vígslubiskup á Hólum

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Stefán Magnússon

---

Þorvaldur Víðisson  
biskupsritari

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Svana Helen Björnsdóttir